



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Málsnr.: R1912.0021
Skjal safn Ráðhúss
08. júní 2020
Reykjavík 17.03.2020
Breyting: 6631

Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Ingólfsstræti 1

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Halldórssonar arkit. f.h. Framkvæmdafélagsins Skjald ehf. dags. 9. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 9. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti. Í breytingunni felst að heimila stækkun á inndreginni efstu hæð hússins og nýjan inngang frá Skúlagötu, samkvæmt uppdrætti Arkitekta Laugavegi 164 ehf./Glámu-Kím dags. 20. nóvember 2019 br. 28. febrúar 2020. Einnig er lögð fram skýringarmynd dags. 20. nóvember 2019 og aðaluppdr. dags. 13. september 2019 sem sýnir stækkun efstu hæðar. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020 og Gunnar Árnason f.h. EON arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2020, sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

F.h. skipulagsfulltrúa

Puríður Guðmundsdóttir
Puríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2020.

Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sent til EON arkitektar ehf.





Ingólfsstræti 1 – Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Halldórssonar arkit. f.h. Framkvæmdafélagsins Skjald ehf. dags. 9. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 9. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti. Í breytingunni felst að heimila stækkun á inndreginni efstu hæð hússins og nýjan inngang frá Skúlagötu, samkvæmt uppdrætti Arkitekta Laugavegi 164 ehf./Glámu-Kím dags. 20. nóvember 2019. Einnig er lögð fram skýringarmynd dags. 20. nóvember 2019 og aðaluppr. dags. 13. september 2019 sem sýnir stækkun efstu hæðar.

Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020.
Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn:

- Íbúaráð Miðborgar og Hlíða, dags. 29. janúar 2020
- Gunnar Árnason f.h. EON arkitekta ehf., dags. 29. janúar 2020



1. Varðandi aðgengi fyrir alla

Umsögn barst frá íbúaráði Miðborgar og Hlíða vegna tillagna að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurlflugvallar og Ingólfsstrætis 1. Óskað er eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að í öllu deiliskipulagi sé liður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið fyrir. Það vantar að gera grein fyrir aðgengismálum í tillögum að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, Reykjavíkurlflugvallar og Ingólfsstræti 1 og óskar íbúaráðið eftir því að það verði gert.

SVAR:

Tekið er undir mikilvægi algildrar hönnunar og aðgengis fyrir alla við hönnun á hinu manngerða umhverfi. Samkvæmt lögum fer Mannvirkjastofnun með aðgengismál í byggingum og umhverfi þeirra. Stefna stjórnvalda er að tryggja aðgengi allra að byggingum og felur það í sér að ekki megi mismuna fólki aðgang að byggingum á grundvelli fötlunar. Eitt af markmiðum gildandi byggingarreglugerðar er að tryggja aðgengi fyrir alla (sbr. Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br., 1.1.1. gr.) og er það skilgreint á eftirfarandi hátt:
„Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.“



Í 7.1.2. gr. reglugerðarinnar segir ennfremur:

„Eftirtalin útsvæði skal hanna og byggja á grundvelli algildrar hönnunar, þannig að þar sé tryggt jafnt aðgengi allra: a. Við opinberar byggingar. b. Við byggingar sem almennigur hefur aðgang að. c. Við atvinnuhúsnæði eftir því sem unnt er. d. Við byggingar ætlaðar öldruðum. e. Við byggingar með íbúðir ætlaðar fötluðum. f. Við stúdentagarða. g. Við byggingar þar sem samkvæmt reglugerð þessari er krafist lyftu til fólksflutninga. h. Leiksvæði innan lóða. i. Íþróttasvæði. Kröfur 1. mgr. gilda ekki ef útsvæði er í eðli sínu þannig að það geti ekki hentað fötluðum, s.s. vegna landslags.“

Tillagan sem um ræðir nær aðeins til einnar lóðar og fellur byggingin á lóðinni undir framangreinda skilgreiningu. Þar sem kröfur um algilda hönnun á lóðinni (í byggingum og utan þeirra) eru tryggðar með ákvæðum byggingarreglugerðar er ekki fjallað sérstaklega um hana í deiliskipulagstillögunni.

2. Varðandi höfundar- og sæmdarrétt

EON arkitektar, Hlédís Sveinsdóttir (hér eftir EON/Hlédís arkitekt) gera athugasemd við tillöguna. EON/Hlédís arkitekt teiknaði þá breytingu á deiliskipulaginu sem samþykkt var í skipulagsráði þann 21. júní 2006 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. júlí 2006 og er það gildandi skipulag fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti.

Gerð er athugasemd við framsetningu/nýjan deiliskipulagsupprátt Glámu Kím, byggt á því að á umræddum upprætti er ranglega farið með uppruna hönnunar og teikninga og ekki rétt staðið að vísan í höfunda að seinni tíma breytingum á byggingunni. Þá eru samþykktir deiliskipulagsupprættir EON/Hlédísar arkitekts notaðir að miklu leyti, m.a. þar sem hönnun EON/Hlédísar arkitekts á byggingunni frá árunum 2005-2006 er sýnd á skipulagsuppráttum án þess að vísað sé til arkitekts breytinganna og höfundar skipulagsuppráttar sem byggt er á.

Í nýrri deiliskipulagstillögu Glámu Kím sé ranglega farið með uppruna teikninga og ekki sé þar rétt staðið að vísan í höfunda að breytingum á byggingunni.

Farið er fram á að umrætt sé leiðrétt á fyrrgreindum uppráttum Glámu Kím og að vísað sé í rétta upprætti og að þess sé réttilega getið að teikningar stafi frá EON/Hlédísi arkitekt sem höfundur breytinganna sem fólu í sér að byggingin var hækkuð úr þremur hæðum í átta hæðir á sínum tíma.

SVAR:

Í kjölfar auglýsingar hefur tillagan verið lagfærð og texta í greinargerð breytt. Í auglýstri tillögu (dags. 20.11.2019) segir í kaflanum *Húsvend*:

„Upprunalega var húsið teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt. Það er byggt árið 1933 en á árunum 2006-7 var það var stækkað mikið eftir teikningum VA arkitekta. Húsið tilheyrir rauðum verndarflokki: Einstök hús, húsaðir og götummyndir.“

Í breyttri tillögu (dags. 20.11.2019 og síðast breytt 28.02.2020) segir í kaflanum *Húsvend*:

„Upprunalega var húsið teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt. Það er byggt árið 1933 en á árunum 2006-7 var það hækkað úr þremur hæðum í átta, sbr. samþykktar byggingarnefndarteikningar EON arkitekta með minni háttar breytingum VA arkitekta í kjölfarið. Húsið tilheyrir rauðum verndarflokki: Einstök hús, húsaðir og götummyndir.“

Þannig vísar greinargerð nú í þá höfunda sem skráðir eru fyrir samþykktum byggingarnefndarteikningum vegna breytinga hússins á árunum 2006-2007, þ.e. EON arkitekta og síðar VA arkitekta (sbr. skjalasafn Reykjavíkurborgar).

Ekki er höfundar gildandi deiliskipulags frá 2006 (þ.e. EON arkitekta) getið í deiliskipulagstillögunni enda hefur það aldrei tíðkast að vísa í höfund deiliskipulagstillögu sem hefur farið í skipulagsmeðferð hjá Reykjavíkurborg.





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykkt eins og hún kemur fram á lagfærðum uppdráttum dags. 20.11.2019 og síðast breytt 28.2.2020.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

